



### Frístundastyrkir, fyrirspurn

Óskað er eftir samantekt á breytingum á frístundastyrkjum sem urðu þann 1. nóvember sl. og byggja á tillögum starfshóps sem fjallaði um málið. Hvaða breyting hefur orðið á upphæð styrkjanna og afgreiðslu? Hversu margir eru að nýta sér styrkina nú samanborið við sama tíma árið 2016? Hversu margir eru að nýta styrkina í fleiri en íþróttagrein og hverju munar þar frá því sem áður var?


Skoðaðar styrkfærslur sem er úthlutað á ákveðnu tímabili annars vegar fyrir breytingu (styrkfærslur frá nóvember og desember 2015 og janúar 2016) og hinsvegar eftir breytingu 1. nóvember 2016 (styrkfærslur frá nóvember og desember 2016 og janúar 2017) og fjárhæðir og fjöldi barna borinn saman.



Heildarupphæð niðurgreiðslustyrkja fyrir breytingu er 16.765.757 kr. en eftir breytingu 21.761.992 kr. og hefur því hækkað um 5.005.235 kr. Meðalgreiðsla á barn (þessa mánuði) fyrir breytingu var 11.718 kr. en eftir breytingu 16.806 kr.



Fjöldi barna sem stofna styrkfærslur á þessu tímabili og nýta þar með niðurgreiðsluna fækkar í janúar. Margir hafa eflaust þegar nýtt hámarksgreiðslu en einnig er meira um það í dag að félög séu að skrá börn lengra fram í tímann en eina önn þegar börn voru skráð í ágúst.



#### Samanburður milli síðustu fimm ára

	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi færslna	2964	4795	5263	5578	5861
Fjöldi barna	2340	2811	3034	3049	3311
Mismunur (fjöldi þeirra sem sækja fleira en eitt námskeið)	624	1984	2229	2529	2550
Íbúafjöldi 6-16 ára	4284	4312	4391	4482	4522
Hlutfall 6-16 ára sem ráðstafa niðurgreiðslu í íþrótt- og tómstundastarf	55%	65%	69%	68%	73%*

\*17 ára fengu styrk frá og með nóvember 2016

HAFNARFJARDARBÆR



Geir Bjarnason og Andri Ómarsson